

**TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 96/66/EB**

frá 14. október 1996

um breytingu á tilskipun 70/524/EBE um aukefni í fódri(\*)

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fódri<sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 96/51/EB<sup>(2)</sup>, einkum 7. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að breyta skuli innihaldi viðauka hennar reglulega með hliðsjón af framförum á sviði vísinda og tækni. Viðaukunum var steyppt saman með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 91/248/EBE<sup>(3)</sup>.

Ný notkun á aukefnum í flokknum „Hníslalyf og önnur lyf“ hefur verið prófuð með góðum árangri í sumum aðildarríkjunum. Heimila skal þessa nýju notkun til bráðabirgða í hverju ríki um sig uns þau verða samþykkt á vettvangi bandalagsins.

Tsjernóbýl-slysið hafði í för með sér ofanfall geislavirks sesíums sem olli mengun fódurjurta á tilteknum svæðum Norður-Evrópu. Til að vernda heilbrigði manna og dýra og gera forvarnarráðstafanir til að berjast gegn mengun af völdum geilsavirkra sesíum-kjarnategunda skal taka upp nýjan flokk aukefna, nánar tiltekið „bindiefni geislavirkra kjarnategunda“. Nýtt aukefni í þessum flokki, sem gerir kleift að minnka til muna upptöku dýra á sesíum-kjarnategundum, hefur verið prófað með góðum árangri í nokkrum aðildarríkjum. Leyfa ber þetta nýja aukefni til bráðabirgða í hverju ríki um sig uns það verður samþykkt á vettvangi bandalagsins.

Rannsóknunum á ýmsum aukefnum, sem eru skráð í II. viðauka, en þar með mætti heimila notkun þeirra innanlands, er enn ekki lokið. Því ber að lengja gildistíma leyfa fyrir þessi efni um tiltekinn tíma.

Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fódur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukunum við tilskipun 70/524/EBE er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að ákvæðum viðaukans við þessa tilskipun eigi síðar en 31. mars 1997. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykka þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykka um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 14. október 1996.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Franz FISCHLER

*framkvæmdastjóri.*

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 272, 25.10.1996, bls. 32, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/1999 frá 24. september 1999 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB nr. L 270, 14. 12. 1970, bls. 1.

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB nr. L 235, 17. 9. 1996, bls. 39.

(<sup>3</sup>) Stjtið. EB nr. L 124, 18. 5. 1991, bls. 1.

## VIÐAUKI

1. I. viðauki:
  - 1.1. Varðar eingöngu ensku útgáfuna.
2. II. viðauki:
  - 2.1. í A-hluta „Sýklalyf“:
    - 2.1.1. í 30. lið, „Virgíamýsín“, komi dagsetningin „30. 11. 1997“ í stað „30. 11. 1996“ í dálkinum „Gildistími heimildar“ fyrir dýraflokkinn „Gyltur“;
    - 2.1.2. í 31. lið, „Basítrasínsínk“, komi dagsetningin „30. 11. 1997“ í stað „30. 11. 1996“ í dálkinum „Gildistími heimildar“ fyrir dýraflokkana „Holdakjúklingar“ og „Svín“;
    - 2.1.3. í 32. lið, „Arðasin“, komi dagsetningin „30. 11. 1997“ í stað „30. 11. 1996“ í dálkinum „Gildistími heimildar“ fyrir dýraflokkinn „Holdakjúklingar“;
  - 2.2. í D-hluta „Hnislalyf og önnur lyf“:
    - 2.2.1. í 25. lið, „Halófügímón“, komi dagsetningin „12. 7. 1997“ í stað „30. 11. 1996“ í dálkinum „Gildistími heimildar“ fyrir dýraflokkinn „Varphænur“;
    - 2.2.2. a) í 26. lið, „Salínómýsinnattrúm“, komi dagsetningin „30. 11. 1997“ í stað „30. 11. 1996“ í dálkinum „Gildistími heimildar“ fyrir dýraflokkinn „Alíkanínur“;
    - b) við 26. lið, „Salínómýsinnattrúm“, bættist eftirfarandi:

Númer	Aukefni	Efnaformúla (lýsing)	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Önnur ákvæði	Gildistími heimildar
					magn	magn		
			„Varphænur	12 vikna	30	50	Upplýsingar í notkunarleiðbeiningum: — „Hættulegt hrossum“ — „Þetta föður inniheldur jónófor: ekki er ráðlegt að nota það samtímis og tiltekin lyf eru notuð (t.d. tiamúlin)“	30. 11. 1997“

- c) Varðar eingöngu ensku útgáfuna.
  - 2.2.3. í 27. lið, „Díklasúríl“, komi dagsetningin „30. 11. 1997“ í stað „30. 11. 1996“ í dálkinum „Gildistími heimildar“ fyrir dýraflokkinn „Kalkúnar“;

## 2.2.4. eftirfarandi liður bætist við:

Númer	Aukefni	Efnaformúla (lýsing)	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-	Hámarks-	Ónnur ákvæði	Gildistími heimildar
					magn	magn		
					mg/kg heilföðurs			
„28	Madúrámísín- ammoníum	C <sub>47</sub> H <sub>83</sub> O <sub>17</sub> N (Ammoníumsalt af pólyetermónó- karboxýlsýru framleitt með <i>Actinomadúra ymaensis</i> )	„Kalktúnar	16 vikna	5	5	Notkun bönnuð a.m.k. 5 daga fyrir slátrun Upplýsingar í notkunarleið- beiningum: — „Hættulegt hrossum“ — „Þetta fóður inniheldur jónófor: ekki er ráðlegt að nota það samtímis og til- tekin lyf eru notuð (t.d. tíamúlín)“	30. 11. 1997“

3. í F-hluta „Litarefni, að meðöldlum fastlitum“, í 11. lið, „Astaxatín-auðugt *Phaffia rhodozyma*“, komi dagsetningin „30. 11. 1997“ í stað „30. 11. 1996“ í dálkinum „Gildistími heimildar“ fyrir dýraflokkinn „Lax, silungur“;
4. í L-hluta „Bindiefni, kekjavarnar- og storkuefni“:
- 4.1. í 1. lið, „Syntetískt kalsíumlát“, komi dagsetningin „12. 7. 1997“ í stað „30. 11. 1996“ í dálkinum „Gildistími heimildar“ fyrir dýraflokkinn „Mjólkurkúr, holdanaut, kálfar, lömb og kíðlingar“;
- 4.2. í 2. lið, „Natrólit-fónólít“, komi dagsetningin „30. 11. 1997“ í stað „30. 11. 1996“ í dálkinum „Gildistími heimildar“;
5. í N-hluta „Ensm“, í 1. lið „3-fýtasi (EB 3.1.3.8.)“, komi dagsetningin „30. 11. 1997“ í stað „30. 11. 1996“ í dálkinum „Gildistími heimildar“ fyrir dýraflokkana „Svín (allar dýrategundir)“ og „Kjúklingar (allar dýrategundir)“;
6. í O-hluta „Örverur“:
- 6.1. í 1. lið, „*Bacillus cereus* var. *toyoi* (CNCM i-1012/NCIB 40112)“, komi dagsetningin „30. 11. 1997“ í stað „30. 11. 1996“ í dálkinum „Gildistími heimildar“ fyrir dýraflokkana „Mjólkurgrísir“, „Svín“ og „Gyltur“;
- 6.2. í 2. lið, „*Bacillus licheniformis* (DSM 5749)/*Bacillus subtilis* (DSM 5750) (í hlutfällinu 1:1)“, komi dagsetningin „30. 11. 1997“ í stað „30. 11. 1996“ í dálkinum „Gildistími heimildar“ fyrir dýraflokkinn „Mjólkurgrísir“;
- 6.3. í 3. lið, „*Saccharomyces cerevisiae* (NCYC Sc 47)“, komi dagsetningin „30. 11. 1997“ í stað „30. 11. 1996“ í dálkinum „Gildistími heimildar“ fyrir dýraflokkinn „Holdanaut“;
- 6.4. í 4. lið, „*Bacillus cereus* (ATCC 14893/CIP 5832)“, komi dagsetningin „30. 11. 1997“ í stað „30. 11. 1996“ í dálkinum „Gildistími heimildar“ fyrir dýraflokkana „Alikanur“ og „Eldiskanur“;

## 7. eftirlitandi flokkur og liður bætist við:

Númer	Aukefni	Efniformúla (lýsing)	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks- aldur	Lágmarks- magn	Hámarks- magn	Önnur ákvæði	Gildistími heimildar
					mg/kg heilfðurs			
1.	„P. Bindiefni geisla- virkra kjarnateg- unda Geislavirk sestumbindi- efni ( <sup>137</sup> Cs og <sup>134</sup> Cs)							
1.1.	Ferró (III) ammonium- hexasýanóferat (II)	NH <sub>4</sub> Fe(III)(Fe(II)(CN) <sub>6</sub> )	„Jörturdýr (húsdýr og villt dýr) Kálfar áður en jörtur hefst Lömb áður en jörtur hefst Kiðlingar áður en jörtur hefst Svín (alissvín og villissvín)	— — — — —	50	500	Upplýsingar í notk- unarléiðbeiningum: „Magn ferró (III) ammon- iumhexasýanóferat (II) í dagskammi skal vera milli 10 mg og 150 mg á hver 10 kg af líffýngd“	30. 11. 1997 30. 11. 1997 30. 11. 1997 30. 11. 1997 30. 11. 1997“